

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2015, föstudaginn 17. apríl, var haldinn 217. fundur í stjórn Strætó bs. í Salnum, Kópavogi og hófst hann kl. 11:30. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, S. Björn Blöndal, Einar Birkir Einarsson og Gunnar Valur Gíslason. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Akstursútboð Strætó bs.

Á eigendafundi Strætó 13. apríl 2015 gerði stjórn Strætó grein fyrir meginforsendum varðandi fyrirhugað akstursútboð, mati á áhættu útboðsaðferðar og mati á áhættu fjárskuldbindingar.

Niðurstaða eigendafundar var að stjórn Strætó ljúki mótun tillögu um útboðið til afgreiðslu á nýjum eigendafundi og að eigendafundur verði haldinn þann 17. apríl nk. til að ljúka afgreiðslu málsins.

Stjórn Strætó bs, hefur borist skriflegt álit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á túlkun 66. gr sveitarstjórnarlaganna með tilliti til byggðasamlaga.

Lögð var fram og samþykkt greinargerð stjórnar, dags. 17. apríl 2015, til eigendafundar Strætó bs. varðandi akstursútboð 2015.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 12:00

Bryndís Haraldsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

S. Björn Blöndal
Einar Birkir Einarsson
Gunnar Valur Gíslason